

Nefndasvið Alþingis

Bt. Allsherjarnefndar

Austurstræti 8-10

150 Reykjavík

Umsögn Starfsmannasamtaka RÚV um:

Frumvarp til laga um Ríkisútvarpið, fjölmiðil í almannapágu.

(Lagt fyrir Alþingi á 140. löggjafarþingi 2011-2012. )

Stjórn Starfsmannasamtaka RÚV gerir eftirfarandi athugasemdir við frumvarp þetta:

1. Starfsmannasamtökin fagna því að í frumvarpinu komi fram sú tillaga í 9. grein að samtökin fái að tilnefna einn mann í stjórn Ríkisútvarpsins. Nauðsynlegt er að rödd starfsmanna fái að heyrast í æðstu stjórn fyrirtækisins og því er gleðilegt að þetta skuli lagt til í því frumvarpi sem hér er til umfjöllunar.
2. Starfsmannasamtökin lýsa enn fremur ánægju með að skerpt sé á starfsöryggi fréttá- og dagskrárgerðarmanna RÚV (12.grein).
3. Verði af þeirri skerðingu á auglýsingatekjum RÚV eins og lagt er til í frumvarpinu, leggja Starfsmannasamtökin áherslu á að útvarpsgjaldið renni óskert til RÚV eins og lagt var upp með í byrjun. Tekjustofn RÚV þarf að vera skilgreindur, tryggður og öruggur til lengri tíma, þannig að ritstjórnarlegt sjálfstæði RÚV sé óskorað og óháð því hvernig pólitískir vindar blása á hverjum tíma.

Stjórn Starfsmannasamtaka RÚV gerir að þessu sinni ekki fleiri athugasemdir við frumvarpið, en áskilur sér rétt til að koma með frekari athugasemdir á seinni stigum málsins.

Fh. Starfsmannasamtaka RÚV

Björn Malmquist.